# SÁLF3AF05 (1)

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Vorönn 2023

Afbrigðasálfræði
Námsáætlun

| Kennari: | **Erla Brimdís Birgisdóttir (EBB) erla@fsu.is** |
|---|---|

**Áfangalýsing:**

Helstu umfjöllunarefni áfangans eru geðheilbrigði, geðrækt og algengustu flokkar geðrænna raskana. Fjallað verður um orsakir þeirra, tíðni, einkenni og meðferðarúrræði. Lögð er áhersla á að nemendur átti sig á samspili líkamlegra og andlegra þátta í tengslum við geðheilbrigði og þróun geðraskana. Fjallað er um hvað það þýðir að vera andlega heilbrigður og hver er munurinn á fráviksshegðun og því sem telst "normal". Leitast verður við að draga úr ranghugmyndum og fordómum um fólk með geðraskanir. Áhersla á að auka víðsýni nemanda, rökhugsun, sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

**Undanfari:** SÁLF2IN05 eða áfangi á öðru þrepi í félagsgreinum.

**Þekkingarviðmið** - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- geðheilsu og helstu geðröskunum
- helstu hugtökum, kenningum og meðferðarformum varðandi geðraskanir
- áhrifum eigin hugsana á tilfinningar og upplifanir
- helstu orsökum og afleiðingum streitu, og aðferðum til að draga úr streitu

**Leikniviðmið** - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- koma þekkingu sinni á framfæri í ræðu og riti
- fjalla um og bera saman sálfræðileg hugtök og kenningar
- greina helstu flokka geðraskana (sem hafa dæmigerð einkenni fyrir röskunina)
- nota heimildir á viðurkenndan hátt
- beita streitulosandi aðferðum og þjálfa jákvæðan hugsunarhátt
- lesa sér til gagns í erlendum og íslenskum fræðiritum

**Hæfniviðmið** - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig skipulega og gagnrýnið um einstaka efnisþætti
- geta tekið þátt í umræðum um sálfræðileg málefni
- afla sér upplýsinga á sjálfstæðan hátt, bæði úr íslenskum og erlendum heimildum
- tileinka sér fordómalaus viðhorf
- geta unnið í samvinnu við aðra
- geta tekið ábyrgð á eigin námi og beitt öguðum vinnubrögðum
- gera sér grein fyrir hvernig má stuðla að eigin geðheilbrigði

**Námsefni:**

- Efni frá kennara
- gögn á netinu o.fl.,

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

| Vika | Dagsetning | Námsefni og viðfangsefni | Próf og verkefni |
|---|---|---|---|
| 1 - 3 | 5. janúar – 22. janúar | - Námsáætlun áfangans kynnt<br>- Hvað er Afbrigðasálfræði?<br>- Raskanir + meðferðir | Tímaverkefni |
| 4 - 5 | 23. janúar - 5. febrúar | - Raskanir<br>- Meðferðarform<br>- Greiningarferli – DSM | Tímaverkefni<br>Podcast-verkefni |
| 6 - 8 | 6. febrúar - 26. febrúar | - Raskanir frh.<br>- Greingarferli<br>- Afbrigðilegt atferli<br>- **Miðannamat** | Heimildaritgerð/verkefni<br>1. próf |
| 9 - 10 | 27. febrúar – 12. mars | - Fíkn, fíknihegðun og<br>- Meðferðir | Tímaverkefni<br>PPT – verkefni |
| 9 - 10 | 27. febrúar – 12. mars | - Viðhorf og fordómar<br>- Staðalímyndir<br>- **Páskafrí hefst mán. 3. apríl** | Verkefni um fordóma<br>Tímaverkefni |
| 15 - 17 | 12. apríl – 30. apríl | - Hvatar<br>- Hvataræn hegðun<br>- Atferlisvakar | Lokaverkefni<br>2. próf |
| 18 - | 1. maí – 5. maí | - **Skrap**<br>- Síðasti kennsludagur<br>- Lokanámsmat | Sjúkrapróf |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | Síðustu skil á tímaverkefnum. |

**Sérreglur áfangans:**

Til þess að standast kröfur áfangans verða nemendur að taka **2** próf hans og ná meðaleinkunninni 4,5 sem er jafnframt sú lágmarkseinkunn sem nemendur þurfa að ná sem heildareinkunn áfangans. Nemendur fá 0 fyrir þau verkefni sem ekki er skilað. Kennara ber ekki skylda til að taka við verkefnum eftir að tilskilinn skiladagur þeirra er liðinn hjá, þó hvetur kennari hvetur nemendur til að vera í sambandi við sig ef eitthvað kemur uppá.

**Námsmat:**

| **Námsþáttur** | **Lýsing á námsmati** | **Vægi** |
|---|---|---|
| Kaflapróf | 2. kaflapróf á önninni | 30% |
| Verkefnamappa | Tímaverkefni, podcast verkefni, hópverkefni í tíma | 30% |
| Verkefni | Heimildaverkefni/ritgerð – skilað á TurnItin | 15% |
| Verkefni | Verkefni um fordóma | 10% |
| Verkefni | Lokaverkefni | 10% |
| Ástundun | Virkni, mæting og þátttaka | 5% |
| **Samtals** | | **100%** |

**Ath. að dagsetningar geta breyst. Tilkynnt verður um próf með a.m.k. viku fyrirvara, bæði í tímum og í Innu. Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**